

Lög

um breytingu á lögum nr. 142/1996, um pósthjónustu.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á pósthjónustu eftirfarandi pósthjónusta:

- Bréfa í umslögum eða sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 250 g að þyngd án tillits til innihalds. Einkarétturinn fellur þó niður sé burðargjald slíkra sendinga meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lágsta gjaldflokk samkvæmt gjaldskrá.
- Annarra ritaðra orðsendinga eða prentaðra tilkynninga með utanáskrift og sérstöku innihaldi sem eru innan þeirra marka um þyngd og burðargjald er greinir í 1. tölul., þar með talinna póstkorta.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað íþróttafélögum, skátafélögum, hjálparsveitum eða öðrum sambærilegum aðilum, öðrum en einkaréttarhafa, pósthjónustu á pósthjónustu skv. 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi ekki í atvinnuskyni. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 1998.